

Álit

um till. til þál. um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða.

Frá Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Með erindi dagsettu 20. janúar 2011 óskaði formaður utanríkismálanefndar Alþingis eftir umsögn Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins um tillögu til þingsályktunar um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Íslandsdeild hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Vestnorræna ráðið er helsta samstarfsstofnun vestnorrænu ríkjanna þriggja, Íslands, Færeyja og Grænlands. Markmið ráðsins er að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins og fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna Vestur-Norðurlanda, auka samstarf innan norrænnar samvinnu og vera þingræðislegur tengiliður milli samvinnuaðila innan Vestur-Norðurlanda og annarra fjölþjóðlegra hagsmunahópa og ríkjasamtaka.

Ráðið hefur allt frá stofnun sinni veitt norðurslóðum sérstaka athygli og hefur það ályktað um ýmis mál sem flest lúta að málefnum þessa svæðis. Þar má nefna menningarsamstarf, félagslegan veruleika á norðurskautssvæðum og mannréttindi, en ekki síst mál sem lúta að umhverfinu og samfélagslegu öryggi. Gefur augaleið að Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins telur að aukin samvinna milli Vestur-Norðurlanda muni styrkja bæði efnahagslega og pólitíska stöðu þeirra allra.

Íslandsdeild fagnar því sérstaklega þeirri áherslu sem lögð er á mikilvægi vestnorrænnar samvinnu í tillögu að nýrri stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Tekur Íslandsdeild sérstaklega undir þá áherslu sem fram kemur í 2. tölul. 2. mgr. tillögunnar að líta beri á norðurslóðir í viðtæku samhengi, enda nái þær einnig til þess hluta Norður-Atlantshafsins sem t.a.m. Færeyjar tilheyra. Færeyjar eru þannig háðar fyrirkomulagi björgunarmála á norðurslóðum. Vestnorræna ráðið hefur á undanförunum árum sérstaklega beitt sér í björgunarmálum í Norðurhöfum, m.a. á vettvangi þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál og í Norðurlandaráði.

Aukin sókn í auðlindir á hafsbotni skapar togstreitu við nýtingu lifandi auðlinda sjávar. Má þar nefna fiskveiðar, hvalveiðar, selveiðar og fuglategju sem eiga sér menningarlegar rætur, ekki síst meðal frumbyggja við norðurskaut. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins áréttar mikilvægi þess að vernda rétt frumbyggja og annarra til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda. Allar vestnorrænu þjóðirnar eiga verulegra hagsmuna að gæta í þessu tilliti. Er því mikilvægt að Vestnorræna ráðið eigi beinan þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku sem varða slíka hagsmuni.

Í þessu sambandi má einnig nefna viðleitni Vestnorræna ráðsins til að auka samstarf vestnorrænu ríkjanna um stjórn veiða úr sameiginlegum deilistofnum. Aukið samstarf á því sviði milli ríkjanna þriggja mundi ekki aðeins hvetja til sjálfbærrar nýtingar á deilistofnum, heldur styrkja ríkin þrjú í viðræðum um fiskveiðimál gagnvart öðrum fiskveiðiþjóðum.

Loks hefur Vestnorræna ráðið margoft ályktað um mikilvægi þess að leggja rækt við að auka þekkingu Íslendinga á málefnum norðurslóða. Hefur ráðið skýra stefnu um að auka menningar- og menntasamstarf milli þjóða norðurskautsins og ekki síst vestnorrænu þjóðanna.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins tekur því heilshugar undir þau markmið sem koma fram í tillögunni og mun ekki liggja á liði sínu – reynslu ráðsins eða sérþekkingu – til þess að þau nái fram að ganga.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins áréttar jafnframt mikilvægi þess að Vestnorræna ráðið eigi þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku um hagsmuni þjóða á norðurslóðum.